

Ed.

431. Breytingartillögur

[201. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „1. gr. orðist svo“ falli niður.
2. Í stað 2. gr. komi sex greinar, sem orðist svo:
 - a. (2. gr.) Á meðan happdrættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.
 - b. (3. gr.) Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölu-menn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.
 - c. (4. gr.) Vinningar í happdrættinu er undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla.
 - d. (5. gr.) Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.
 - e. (6. gr.) Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi.
 - f. (7. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, og lög nr. 95 23. des. 1969, um breyting á þeim lögum.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um Happdrætti Háskóla Íslands.